


# Ómun á líffærum í kviðarholi í speglun - ómspeglun

Þessar upplýsingar eru ætlaðar þeim sem fara í ómspeglun (endoscopic ultrasound – EUS) á líffærum í kviðarholi svo sem vélinda, maga, skeifugörn, brisi og gallvegum. Rannsóknin er gerð til að greina nánar breytingar í og nálægt meltingarvegi. Í ómspeglun er hægt að ná frumu- eða vefjasýni á nákvæman hátt svo hægt sé að fá greiningu og í framhaldi að gera viðeigandi ráðstafanir um meðferð og frekari eftirfylgd. Ómspeglun er því oft nauðsynleg viðbót við aðrar myndgreiningar eins og tölvusneiðmynd eða segulómun.



Mynd 1. Ómspeglun (EUS)

## Hvað er ómspeglun?

Ómspeglun er sérhæfð rannsókn þar sem vélinda, magi og skeifugörn eru spegluð að innan og metin með hjálp ómsjár. Þannig er hægt að ómskoða vegg þessara líffæra, óma líffæri aðlægt þeim nákvæmlega og meta hvort þau eða líffærin í kring svo sem bris, gallvegir, lifur og eitlar séu eðlileg. Hægt er að taka sýni ef eitthvað óeðlilegt finnst með finni eða grófri nál til nákvæmrar greiningar. Þannig er t.d. greint hvort æxli er vökvafyllt eða þéttur vefur og eru frumur eða vefur metinn undir smásjá. Stundum getur þurft að létta á eða tæma vökva sem hefur lokast inni í líffæri, t.d. brisi eða jafnvel gefa meðferð (lyf eða deyfingu) með hjálp þessarar tækni.

## Undirbúningur fyrir rannsóknina

### Lyf og ofnæmi

Láta þarf lækni eða hjúkrunarfræðing á speglunardeild vita með sjö daga fyrirvara ef þú tekur eftirfarandi lyf:

- Járn
- Blóðþynningarlyf og blóðflöguhamlandi lyf
- Bólguþéttandi lyf, svo sem ibuprofen (Íbúfen)
- Verkjalyf sem innihalda aspirín, svo sem Treo
- Hjartamagnyl. Yfirleitt þarf þó ekki að stöðva þá meðferð fyrir þessa rannsókn
- Insúlín

Láttu einnig vita ef þú ert með ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru.

### Fasta

Fastaðu að lágmarki sex klukkustundir fyrir rannsóknina.

## Rannsóknin

Ómspeglun fer fram á speglunardeild 11D Landspítala við Hringbraut og tekur yfirleitt um 15-30 mínútur. Fyrir rannsóknina þarf að vera búð að undirrita samþykki fyrir framkvæmd hennar. Rannsóknin er gerð á svipaðan hátt og magaspeglun og smávegis af lofti er dælt í magann til að lækurinn sjái betur til. Ómspeglun getur verið óþægileg en á ekki að valda sársauka. Sumir kúgast og finna fyrir klígju þegar slöngunni er rennt niður í maga. Ef þú ert með gervitennur sem eru lausar þarf að taka þær úr áður en speglun fer fram.

Í rannsókninni er sveigjanlegri mjúkri slöngu rennt í gegnum munn og niður í maga á meðan ómspeglað er:

- Hjúkrunarfræðingur setur plastlegg í æð fyrir speglunina sem í eru gefin lyf fyrir og í rannsókn.
- Liggja þarf á vinstri hlið meðan speglað er.
- Deyfilyfi er úað í kokið áður en speglunin hefst. Síðan er gefið róandi lyf í æð sem hjálpar við að slaka á. Einnig eru oft gefin ógleði- og verkjalyf.
- Fylgst er með súrefnismettun og púls í rannsókninni og stundum þarf að gefa súrefni.
- Stundum þarf að gefa sýklalyf í æð sem fyrirbyggjandi ráðstöfun ef stungið er á vökvafyllt holrými.

## Að rannsókn lokinni

Ef sjúklingur er innliggjandi á spítalanum fer hann aftur á legudeild að lokinni speglun. Annars þarf að gera ráð fyrir að dvelja að lágmarki eina klukkustund á speglunardeildinni.

Læknir gefur upplýsingar um niðurstöður ómspeglunarinnar og frekari leiðbeiningar áður en farið er af speglunardeildinni. Í sumum tilfellum eru upplýsingar veittar síðar á göngudeild 10E. Alltaf þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðum úr sýnatöku.

Þú mátt borða einni klukkustund eftir ómspeglunina eða þegar deyfingin er farin úr kokinu.

**Ekki má aka bíl í 24 klukkustundir eftir ómspeglunina, vegna áhrifa lyfjanna sem gefin eru. Mælt er með að fá fylgd heim að speglun lokinni.**

## Áhætta og fylgikvillar rannsóknar

Þessi rannsókn hefur almennt litla áhættu í för með sér. Þó geta komið upp fylgikvillar eins og við öll önnur inngrip. Helsta áhættan tengist sýnatöku og helstu fylgikvillar eru þá blæðing, sýking, rof á görn eða bólga í brisi.

**Leitaðu strax á heilsugæslustöð eða bráðamóttöku ef eftirfarandi einkenni koma fram:**

- Slæmir kviðverkir
- Blóðug eða svört uppköst
- Blóðugar eða svartar hægðir
- Hiti yfir 38 gráður
- Vanlíðan, ógleði, hrollur, skjálfti eða andnauð

**Hafðu þessar upplýsingar meðferðis þú þarf að leita á bráðamóttöku.**

## Símanúmer

Opnunartími speglunardeildar 11D á Landspítala er alla virka daga kl. 08:00-16:00, sími 543 6150.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.